

Reglur um hvatagreiðslur til íþróttá- lista- og tómstundaiðkunar 2022

1. gr.

Markmið

Meginmarkmið með hvatagreiðslum er að auðvelda börnum og ungmennum úr Flóahreppi að sinna íþróttá- lista- og tómstundastarfi.

Hvatagreiðslum er ætlað að greiða niður æfingar- eða þátttökugjöld og auðvelda foreldrum/forráðamönnum barna/ungmenna að gera þeim kleift að stunda skipulagða íþróttá-lista- og tómstundaiðkun.

Greiðslur skulu að hámarki nema þeirri upphæð sem sveitarstjórn ákveður á hverjum tíma.

2. gr.

Skilyrði fyrir veitingu hvatagreiðslna

Foreldrar/forráðamenn barna og ungmenna á aldrinum frá og með 5 ára og að 18 ára aldri sem lögheimili eiga í Flóahreppi geta sótt um hvatagreiðslur.

Skilyrt er að að um sé að ræða skipulagt starf sem stundað er undir leiðsögn þjálfara eða leiðbeinanda og nær yfir eina önn eða að lágmarki 10 vikur. Þetta á t.d. við um allt íþróttastarf sem stundað er á vegum viðurkenndra íþróttafélaga, dans í dansskólum, listgreinar og skátastarf og einnig sumarnámskeið sem eru að lágmarki 10 skipti.

Tónlist og tónlistarnám falla ekki undir niðurgreiðslu æfingagjalda enda rekstur tónlistaskóla styrktur af sveitarfélaginu með öðrum leiðum.

Starfsemi sem ekki telst styrkhæf er starfsemi trúfélaga, önnur en kórastarf og annarra lífsskoðunarfélaga, stjórnámalasamtaka og viðvera eftir skóla.

3. gr.

Fylgigögn með umsókn

Staðfesting á greiðslu skal fylgja umsókn um hvatagreiðslur. Á greiðslukvittun skal eftirfarandi koma fram:

Nafn og kennitala félags

Dags. greiðslu

Æfingatímabil

Nafn og kennitala iðkanda

4. gr.

Greiðslur

Hvatagreiðslur árið **2022** geta orðið 30.000 kr. fyrir hverja önn eða að hámarki 60.000 kr. á ári fyrir hvern einstakling.

Upphæð styrks getur ekki orðið hærri en sem nemur æfinga/þátttökugjaldi viðkomandi íþróttta- eða tómstundagreinar.

Hvatastyrki er ekki heimilt að færa á milli ára. Styrkur fellur niður sé ekki um hann sótt á því ári sem iðkun fer fram á.

Styrkumsækjandi skal skila inn þar til gerðu umsóknareyðublaði ásamt greiðslukvittun til skrifstofu Flóahrepps fyrir 1. apríl fyrir hverja vorönn og fyrir 1. nóvember fyrir hverja haustönn. Styrkir verða greiddir út mánaðarmótin apríl/maí og nóvember/desember ár hvert.

Reglurnar voru samþykktar á fundi sveitarstjórnar Flóahrepps 05.03.2022

Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri